

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis

fundargerð

1. fundur

miðvikudaginn 5.4. 2006 kl. 20-22:30 í Brekkuskóla

Fundarfólk: Börkur, Sigríður, Sigurlína, Hjörleifur, Kristín, Njáll, Kristján, Bergljót

Við byrjuðum á því að safna saman hugmyndum um það sem okkur langar að vinna að í hverfinu og hófumst handa við að forgangsraða þeim atriðum. Í ljós kom að af nógu er að taka enda um gamalt og gróið hverfasvæði að ræða sem þó er að ganga í gegnum ákveðnar breytingar, bæði vegna uppbyggingar í Naustahverfi og af breyttum lifnaðarháttum fólks. Fundarfólki fannst sérstaklega aðkallandi að skoða og vinna að ýmsum atriðum sem varða umferðar- og umhverfismál svæðisins. Eftirfarandi atriði voru rædd:

1. Umferðarmál á Brekkunni. Fólk var sammála um að skipulag umferðar og umferðarmenningin skapaði mikla hættu fyrir skólabörn á svæðinu, sérstaklega sú aukning á umferð um Þórunnarstræti sem búast má við. Þessu tengt fjölluðum við um fyrirhugaða breytingu á gatnamótum Þórunnarstrætis/Miðhúsabrautar, um opnun leikskólans Hólmasólar, um frekari uppbyggingu á Glerártorgssvæðinu sem og í Naustahverfi. Mikið var rætt um lagningu Dalsbrautar og Miðhúsabrautar. Ákveðið var að nefndin sendi frá sér ályktun um þessi mál.
2. Bílastæði við íbúðarhús og bílamening í íbúðargötunum.
3. Gangstéttir hverfasvæðisins eru margar hverjar gamlar og úr sér gengnar.

Mikilvægt er að farið verði í endurnýjun og/eða endurgerð gangstétta og helst á þeim leiðum sem eru fjölfarnastar af ferðafólki, þá sérstaklega frá Akureyrarkirkju og að Lystigarði. Eins finnst okkur að athuga megi endurgerð á kirkjustöllum við Akureyrarkirkju og gera þá enn meira aðlaðandi.

4. Aðrir staðir á hverfastæðinu sem þarfnast endurskoðunar og breytinga eru Andapollurinn, Gilið, Skátagilið og Búðargilið. Kristján gengur í það að nálgast nákvæmari teikningar og lýsingar á fyrirhuguðu skipulagi/fyrirkomulagi á þessum svæðum og öllu hverfasvæðinu.

5. Skólamál hverfisins. Okkur þykir afar brýnt að hafist verði sem fyrst handa við að koma upp skóla í Naustahverfi, en eins og er skilst okkur að þar verði ekki hægt að taka við nemendum fyrr en að hausti 2008, eða eftir rúm tvö ár. Fram að því sækja börn í Naustahverfi skóla í Brekkuskóla og Lundarskóla, en einnig einhverja aðra skóla bæjarins. Okkur finnst augljóst að Brekkuskóli er nú þegar meira en fullsetinn, en skólinn var byggður fyrir 500 nemendur en núna sækja um 570 nemendur þangað nám. Ástandið er víst ekki betra í Lundarhverfi þar sem líka er kennt í "sumarbústöðum" við skólann. Við gerum okkur grein fyrir því að Naustahverfi er að byggjast upp eitthvað hraðar en fólk kannski gerði sér grein fyrir að yrði, en leggjum áherslu á að gengið verði strax í þessi mál.

6. Hlutverk og framkvæmdarleiðir nefndarinnar, íbúalýðræði. Lögð er áhersla á að nefndin verði í góðu samstarfi við aðrar hverfisnefndir, sérstaklega þær Lundarhverfi, Naustahverfi og Miðbæ. Fram kom á fundinum að 25% íbúa Akureyrar búi í Brekkuskólahverfi. Þetta hlutfall hefur ekki fengist staðfest en þó er ljóst að verulegur fjöldi bæjarbúa bæði býr og starfar (MA, VMA, FSA, Hlíð, HA, Brekkuskóli, Hólmasól) á svæðinu og hefur hér hagsmuna að gæta. Okkur finnst mikilvægt að heyra meira frá íbúum

svæðisins um það hvað brennur á þeim og hvaða óskir þeir hafa varðandi starf hverfisnefndarinnar. Ákveðið var að dreifa sem fyrst í hús svæðisins upplýsingum um nefndina, hlutverk og um nefndarfólk og hvetja þar einnig íbúanna til að hafa samband við nefndina. Einnig var ákveðið að halda árlega opinn hverfisfund fyrir alla íbúana og verður að öllum líkindum boðið til slíks fundar í haust.

7. Ákveðið að boða stjórn KA til fundar um starfsemi þeirra á svæðinu.

8. Ákveðið að óska eftir því að Akureyrarbær standi fyrir svifryksmælingum á Þingvallarstræti, Þórunnarstræti og við Mýrarveg.

9. Samþykkt eftirfarandi verkaskipting innan nefndarinnar:

Sigríður Magnúsdóttir, kennari, Þingvallarstræti 4

Kristín Kjartansdóttir, sagnfræðingur, Ásabyggð 2

Frekari verkaskipting ekki ákveðin.

Fundi slitið.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 27. apríl 2006, kl. 20 í Brekkuskóla